

## Frágangur fræðilegra greina

### Höfundar sendi tvær gerðir

**handrita** til ritstjórnar Lækna-  
blaðsins, Hlíðasmára 8, 201  
Kópavogi. Annað án nafna  
höfunda, stofnana og án þakka  
sé um þær að ræða. Greininni  
fylgi yfirlýsing þess efnis að  
allir höfundar séu samþykkir  
lokaformi greinar og þeir  
afsali sér birtingarrétti til  
blaðsins.

**Handriti** skal skilað með tvö-  
földu línubili á A-4 blöðum.  
Hver hluti skal byrja á nýrri  
blaðsíðu í eftirtalinni röð:

- Titilsíða: höfundar, stofnanir,  
lykilorð á ensku og íslensku
- Ágrip og heiti greinar á ensku
- Ágrip á íslensku
- Meginmál
- Þakkir
- Heimildir

**Tölur og myndir** skulu vera  
á ensku eða íslensku, að vali  
höfunda.

**Tölvuunnar myndir og gróf**  
komi á rafrænu formi ásamt  
útprenti. Tölvugögn (data) að  
baki gröfum fylgi með, ekki  
er hægt að nýta myndir úr  
PowerPoint eða af netinu.

**Eftir lokafrágang** berist allar  
greinar á tölvutæku formi með  
útprenti.

**Sjá upplýsingar** um frágang  
fræðilegra greina:  
[www.laeknabladid.is/bladid](http://www.laeknabladid.is/bladid)

### Umræðuhluti

**Skilafrestur** efnis í næsta blað  
er 20. undanfandi mánaðar  
nema annað sé tekið fram.

## Ráðstefnur og fundir

### 18.-21. maí 2008

Reykjavík.  
Norræn ráðstefna um illa meðferð á börnum:  
Börn og vanræksla: Parfir – skyldur – ábyrgð.  
[www.congress.is/nfbo2008](http://www.congress.is/nfbo2008)

### 6.-8. júní 2008

Hótel Selfossi.  
XVIII. þing Félags íslenskra lyflækna. Skipu-  
lagningu annast Birna Þórðardóttir, Menning-  
arfylgd Birnu ehf., s. 862 8031: [birna@birna.is](mailto:birna@birna.is)  
Nánari upplýsingar munu birtast á heimasíðu  
skipuleggjanda: [www.birna.is](http://www.birna.is)  
Einnig er unnt að leita upplýsinga hjá stjórn  
Félags íslenskra lyflækna: Runólfur Pálsson  
formaður, [runolfur@landspitali.is](mailto:runolfur@landspitali.is)

## Ný þjónustuskra á Doktor.is

Almenningur sækir sér sífellt meiri upplýsing-  
ar um fjölbreytt málefni á netið og heilbrigðis-  
ismál eru þar engin undantekning. Stór hluti  
notenda heilbrigðisþjónustu sækir sér þangað  
upplýsingar um sjúkdóma, greiningaraðferð-  
ir, lyf og fleira, fyrir eða eftir heimsóknir til  
lækna. Þetta hefur bæði kosti og galla í för  
með sér. Þetta hefur leitt til þess að sjúklingar  
hafa mun betri aðgang en áður að upplýsing-  
um sem þá varða og eru betur meðvitáðir um  
sinn sjúkdóm, sjúkdómseinkenni, mögulega  
meðferð og annað slíkt. Því miður eru þó  
ekki allar upplýsingar sem sækja má á netið  
áreiðanlegar og þess eru dæmi að notendur  
heilbrigðisþjónustu sækja beinlínis rangar eða  
villandi upplýsingar á netið sem jafnvel geta  
valdið skaða. Íslenskar rannsóknir benda þó  
til að þeir einstaklingar sem eru duglegastir  
við að afla sér upplýsinga á netinu og annars  
staðar um heilsutengd málefni, ástundi betri  
heilsuhegðun en aðrir.\*

Á Íslandi hefur um árabil verið starfræktur  
heilsuvefur undir heitinu Doktor.is sem getið  
hefur sér gott orðspor. Þetta hefur verið ein  
vinsælasta vefsíða landsins og langvinsælasti  
heilsuvefurinn. Segja má að Íslendingar búi  
vel að hafa aðgang að slíkum vef því frá upp-  
hafi hefur verið lögð á það áhersla að allt efni  
sem birtist á vefsíðunni sé unnið af fagfólki  
og að umfjöllunin sé aðgengileg og vel skilj-  
anleg öllum þeim er þangað leita upplýsinga.  
Íslenskir læknar hafa lagt vefnum lið í ríkuleg-  
um mæli í gegn um tíðina, meðal annars með

greinarskrifum og með því að taka þátt í að  
svara fyrirspurnum.

Sem dæmi um aukna sókn almennings í  
upplýsingar um heilbrigðismál á netinu má  
nefna að samkvæmt samræmdri vefalningu  
Modernus er fjöldi innlita á vefinn að með-  
altali um 13 þúsund í viku hverri og var vef-  
urinn í 18.-25. sæti yfir vinsælustu vefi landsins,  
tímabilið janúar-júlí 2007.

Meðal nýjunga á nýjum vef Doktor.is er  
sérstök þjónustuskra sem ætluð er að auðvelda  
aðgengi almennings að upplýsingum um  
lækna, sérgrein þeirra og aðsetur. Með þessu  
móti gefst læknum tækifæri á að koma grunn-  
upplýsingum um starfsemi sína á framfæri við  
almenning á auðveldan og markvissan hátt.  
Þessi þjónusta er endurgjaldslaus og geta  
áhugasamir skráð inn upplýsingar á [www.doktor.is/thjonustuskra](http://www.doktor.is/thjonustuskra).

Lyfjasíðan á Doktor.is hefur einnig verið  
uppfærð og verður nú endurnýjuð mán-  
aðarlega í samvinnu við Lyfju. Þannig er tryggt  
að notendur síðunnar hafi aðgang að nýjustu  
upplýsingum hverju sinni.

Unnur Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og  
ritstjóri Doktor.is

[unnur.jonsdottir@inpro.is](mailto:unnur.jonsdottir@inpro.is)

Sími: 510 6507 og 893 9316

\* Ágústa Pálsdóttir 2005. Health and lifestyle: Icelander's  
everyday life information. Doktorsritgerð frá Ábo Akademi  
Universitet.